



Nefndadeild Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd

**Efni: Umsögn Meinatæknafélags Íslands um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

Meinatæknafélag Íslands ( MTÍ ) er þeirrar skoðunar að þörf sé á að endurskoða lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 38/1954, enda eru þau lög miðuð við aðrar aðstæður og tíma.

MTÍ lýsir þó yfir andstöðu sinni og furðu við þá aðferð sem notuð er. Frumvarpið sem nú liggur fyrir hefur mikil áhrif á starfsumhverfi og ráðningarkjör starfsmanna ríkisins, mörg atriði frumvarpsins hefði þurft að skoða betur og meta afleiðingarnar áður en frumvarpið var lagt fram.

MTÍ er óskiljanlegt með hversu miklum hraða frumvarpið er keyrt áfram miðað við umfang, áhrif og fjölda starfsmanna sem starfa samkvæmt núgildandi lögnum. MTÍ bendir á að vart séu margir vinnuveitendur í þeirri aðstöðu að setja ný lög um vinnuumhverfi starfsmanna sinna, hvað þá í fullri andstöðu við starfsmenn. Ekki er það hvetjandi fyrir starfsmenn að leggja sig fram í starfi þegar sjónarmið þeirra eru svo virt að vettugi sem gert er í þessu máli. Nútíma stjórnunarhættir þar sem áhersla er lögð á þáttöku starfsmanna í stefnumótun og markmiðssetningu virðist ekki eiga upp á pallborðið.

Frumvarpið í heild virðist auka miðstýringu fjármálaráðuneytis en ekki dreifa valdi til stofnana eins og ætlan mun hafa verið.

Ekki mun MTÍ í þessu bréfi gera athugasemdir við allar greinar frumvarpsins sem MTÍ telur athugasaverðar og vísar til athugasemda Bandalags háskólamanna- BHMR.

Þó mun MTÍ gera nokkrar athugasemdir.

Í athugasemdum sem frumvarpinu fylgja ( bls 15) er bent á að meginmarkmiðið með endurskoðun á starfsmannastefnu ríkisins á að verða til þess að : “ auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og gera starfsmannastefnu ríkisins skýrari en nú er”. Tilgreindar eru nokkrar leiðir sem stefna eiga að þessum markmiðum en undir lið 6 er fjallað um að ríkið og stofnanir þess eigi að vera “fyrsta flokks vinnuveitendur”. Ekki virðist upphafið boða gott.

Ríkisstjórnin sýnir í hnotskurn þá starfsmannastefnu að láta andmæli starfsmanna sinna sem vind um eyru þjóta og virðist ekki telja ástæðu til að endurskoða lög um starfsumhverfi starfsmanna sinna í samráði við þá.

Þar er einnig fjallað undir lið 2 um aukinn sveigjanleika í starfsmannahaldi. Þetta vekur áhuga MTÍ. Árum saman hefur vinnuumhverfi meinatækna verið miðað við ákveðinn fjölda stöðugilda sem ekkert hefur breyst eða verið endurskoðað þrátt fyrir breytingar á rannsóknastofum. Á síðustu árum hefur verið mikill niðurskurður í fjárveitingum til heilbrigðiskerfisins. Þessi sífelldi niðurskurður hefur haft í för með að raunveruleg starfsmannapörf er einskis metin en stöðugt horft til fjölda stöðugilda á hverjum stað. MTÍ telur það mjög til bóta ef meta á raunverulega starfsmannapörf og fara eftir henni. Hins vegar virðist ekki vera auknar fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins þannig að ekki verður séð að ef raunveruleg starfsmannapörf er meiri en stöðugildin þá muni sjúkrahúsin ráða fleiri til starfa.

Rétt er að fram komi að ekki er ráðið í stöður sem losna og lítið um sumarafleysingar heldur er starfsmönnum gert að vinna hraðar og meira, sem aftur veldur meira álagi og veikindum starfsfólks eins og skýrsla Landlæknis um veikindaförföll heilbrigðisstarfsmanna sýnir.

Undir lið 3 er fjallað um einföldun á launakerfi og auknum sveigjanleika í launakjörum. Þar kemur fram að þegar forstöðumenn fá vald til ákvarðana um viðbótarlaun munu afnumdar aðrar uppbætur á laun. Þar með er allt sett í uppnám. Óljóst er með hvaða hætti framkvæmd reglna fjármálaráðherra um viðbótarlaun verður, sem gerir að verkum að mikið óryggi og boðar stórfelldar breytingar á kjörum þeirra sem í dag hafa uppbætur á laun í formi fastrar yfirvinnu.

Athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins

Í 9 gr. frumvarpsins er fjallað um rétt forstöðumanna stofnana til að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar vegna sérstakra hæfni, álags eða árangurs í starfi. Skal fjármálaráðherra setja sérstakar reglur um þetta. MTÍ telur að þetta bjóði upp á geðþóttaákvarðanir forstöðumanna þrátt fyrir eftirlit fjármálaráðherra með eigin reglum. Vinnuumhverfi t.d. meinatækna er með þeim hætti að erfitt er að meta árangur í starfi. Sú hætta er fyrir hendi að forstöðumenn geti nýtt sér þetta ákvæði til að umbuna “ þægum “ starfsmönnum án raunverulegs mats á hæfni þeirra eða álagi og árangri. Ef til vill má tengja þetta einnig gr. 47 sem fjallar um rétt þeirra sem standa utan stéttarfélaga. Er það möguleiki að forstöðumenn umbuni frekar þeim sem kjósa að standa utan stéttarfélaga því þá er enginn sem gerir athugasemdir við brot á

sammingsbundnum réttindum eða kjörum starfsmannsins? Vart gerir starfsmaðurinn það sjálfur því þá á hann hættu á að missa viðbótarlaunin. Réttur forstöðumanna til geðþóttuuppsagna er einnig aukinn en málsvarnarréttur starfsmanna skertur sbr greinar 43 og 44.

Í 10 gr. er kveðið á um að laun skulu vera greidd eftir á. Í bráðbirgðaákvæði er kveðið á um þeir starfsmenn sem nú fá fyrirframgreidd laun haldi þeim. Með þessu er verið að mismuna starfsmönnum. Þeir sem ráða sig til starfa eftir gildistöku laganna fá lakari rétt en þeir sem fyrir eru í starfi.

11. gr. Fjallar um orlof. Segir þar að semja skuli um um orlof með sama hætti og laun en almennur orlofsréttur skv lögum 30/1987 gildi.

Í 12 gr er kveðið á um að um veikindarétt skuli samið umfram lágmarksrétt á íslenskum vinnumarkaði.

Hvað varðar orlofsrétt og rétt til launa í veikindum ásamt lausnarlaunum, biðlaunum og makalaunum er verið að svipta starfsmenn réttindum sem þeir hafa fengið ýmist með kjarasamningum eða samkomulagi við ríkið í tengslum við gerð kjarasamninga án bóta.

Í gr 16 er fjallað um heimild til tímaskráningarkerfis sbr 30 gr nógildandi laga. MTÍ vill einungis benda á að núverandi tímaskráningarkerfi ( þó skylda sé skv. nógildandi lögum) virðist alls ekki ná til allra starfsmanna og sér ekki að samkvæmt frumvarpinu sé tekið á því á nokkurn hátt. Þar með er starfsmönnum ríkisins mismunað eftir m.a. starfsstéttum.

MTÍ lýsir andstöðu sinni við yfirvinnuskyldu starfsmann ríkisins skv 17 gr. og telur ekki sæmandi að skylda starfsmenn til yfirvinnu.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað í tilskipun EB um hámarksvinnutíma á viku. MTÍ bendir á að þetta getur valdið vandræðum hjá meinatæknum sem ganga gæsluvaktir utan dagvinnutíma og vinna flestir 16 klst eða meira á viku utan 40 klst. dagvinnuskyldu.

Réttur þeirra sem kjósa að standa utan stéttarfélaga er aukinn (sbr grein 47) en jafnframt skal miða laun þeirra við sambærileg störf sem stéttarfélag hefur samið um. Með þessu er verið að draga úr krafti stéttarfélaga til varnar kjörum og réttindum félagsmanna. Þessi aðför að stéttarfélögum er mjög alvarleg en virðist tengjast ýmsum atriðum innan frumvarpsins sem greinilega er gert með það í huga að draga úr þeim “ óþægindum” sem afskipti stéttarfélaga af brotum á kjarasamningum og ráðningarrétti hefur í för með sér. Einstaklingum er gert að standa sjálfir fyrir samningum um kjör sín án þess krafts sem fylgir veru í stéttarfélagi. Þetta virðist benda til þess að stefna sú sem MTÍ vill nefna “að deila og drottna” verði ríkjandi á komandi tíma.

MTÍ lýsir yfir vonbrigðum sínum með þá “endurskoðun” laga um starfsmenn ríkisins sem frumvarpið felur í sér. MTÍ bendir á að launakjör meinatækna hafa verið lakari en meinatækna sem vinna hjá öðrum en opinberum aðilum þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningi að opinberir starfsmenn skuli njóta sambærilegra kjara og þeir sem vinna hliðstæð störf á almennum markaði. Réttindi þeirra svo sem veikinda-, orlofs-, barnsburðarleyfis- og biðlaunaréttur hefur verið betri en meinatæknar hafa eins og aðrir starfsmenn greitt fyrir þau réttindi með lægri launum eins og margsinnis hefur komið fram við gerð kjarasamninga. Ekki mun það þó algilt á almennum markaði að biðlaunaréttur sé lakari en hjá opinberum starfsmönnum eins og fjölmörg dæmi eru um.

Nú er það fyrirætlan ríkisvaldsins að skera af öll áunnin réttindi umfram almenna markaðinn án þess að bæta starfsmönnum það á nokkurn hátt. Stéttarfélag fá þau sérstöku réttindi ( 10 kafli ) að hefja aftur frá byrjun áralanga baráttu fyrir bættum rétti (á miðju samningstímabili) auk þess sem samningsréttur stéttarféлага er í uppámi vegna frumvarps um stéttarfélag og vinnudeilur. Allt er óljóst um möguleika stéttarféлага að ná betri rétti t.d. til veikinda en þau þurfa á sama tíma að berjast fyrir launahækkunum (bótum) fyrir sviptingu áður fenginna réttinda.

Þessi árás á kjör opinberra starfsmanna er óþolandi og framkoma ríkisvaldsins í garð starfsmanna sinna óskiljanleg með öllu.

Meinataknafélag Íslands hvetur háttvirt Alþingi að skoða vel það frumvarp sem hér er fjallað um og íhuga með hvílíku offorsi lagabreytingar sem varða starfsumhverfi 25.000 launamanna eru keyrðar áfram.

MTÍ skorar á Alþingismenn að beita skynsemi sinni í þessu máli og er reiðubúið að senda fulltrúa félagsins á fund nefndarinnar ef þess er óskað til að kynna betur sjónarmið félagsins en hér er hægt að gera.

Reykjavík, 11 apríl 1996

Virðingarfyllt  
f.h. Meinataknafélags Íslands

*Edda Sóley Óskarsdóttir*

Edda Sóley Óskarsdóttir  
formaður